

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fenginni tillögu borgarráðs, hefur verið ákveðin einstefna í austur á stíg sunnan húsanna nr. 18–24 við Ásgarð.

Ákvörðun þessi tekur gildi 18. mars 1987.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. mars 1987.

Böðvar Bragason.

Nr. 113

12. mars 1987

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja o. fl.,
nr. 51 15. maí 1964.

1. gr.

Á eftir 9. tölul. 7. gr., sbr. reglugerð nr. 172 24. ágúst 1966, komi nýr töluliður, svo-hljóðandi:

10. Á lögreglubifreið, sjúkrabifreið, slökkvibifreið og viðurkenndri björgunarbifreið má vera eitt eða fleiri ljósker fyrir blátt blikkandi ljós. Ljósíð skal sjást úr öllum áttum og innan lóðrétts horns, sem er minnst 5° ofan við og 5° neðan við lárétt plan, sem gengur í gegnum miðju ljóskers. Styrkur ljósanna skal vera nægur, svo að þau sjáist auðveldlega, einnig að degi til, án þess að valda glýju. Blikktíðni skal vera 100 — 240 rið á mínútu.

Ljóskeri skal komið fyrir þannig að það sjáist vel og þannig að ljósíð valdi öikumanni sem minnstum óþægindum. Ljósíð skal vera tengt sérstökum ljósabúnaði, sem gefi öikumanni til kynna hvenær kveikt er á ljósinu.

2. gr.

4. mgr. 10. gr. orðist svo:

Á lögreglubifreið, sjúkrabifreið, slökkvibifreið og viðurkenndri björgunarbifreið má auk þess vera tæki með breytilegri hljóðgjöf, þannig að hljóðmerki breytist stöðugt og sjálfkrafa á milli tveggja aðskilinna fastra tónhæða, en hvor tónhæð fyrir sig breytist ekki. Á ökutækjum þessum má og vera hljóðmerki (sírena), sem breytir tíðni stöðugt milli efra og neðra marks, til notkunar við sérstakar aðstæður. Hljóðmerkjabúnaður þessi skal þannig tengdur að hann virki einungis þegar blá ljós samkvæmt 10. tölul. 7. gr. eru kveikt.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Nú er lögreglubifreið, sjúkrabifreið, slökkvibifreið eða viðurkennd björgunarbifreið búin rauðum ljósum við gildistöku reglugerðar þessarar og er þá heimilt að nota þann búnað til 1. október 1987 í stað blárra ljósa, sbr. 1. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. mars 1987.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.